

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2016

Tilv. MMR16020142
Listframhaldsskóli á sviði tónlistar

Vísað er til fyrri bréfaskipta, þ.m.t. tölvubréfa, vegna ofangreinds máls og til fundar sem fulltrúar Tónlistarskóla Kópavogs og Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar (TK/TSDK) áttu með ráðuneytisstjóra og öðrum starfsmönnum ráðuneytisins sl. miðvikudag. Á fundinum afhenti ráðuneytið skólunum skjal með yfirskriftinni „Tillaga matsnefndar um val á viðurkenndum einkaaðila til að reka listframhaldsskóla á sviði tónlistar“, samanburð á einkunnagjöf matsnefndarinnar á tilboðum TK/TSDK og Tónlistarskólans í Reykjavík/Tónlistarskóla FÍH (TR/FÍH) svo og einkunnagjöf einstakra matsnefndarmanna, án þess þó að þeir væru nafngreindir. Ráðuneytið beindi þeim tilmælum til skólanna að þeir kæmu á framfæri athugasemdum við þessi gögn fyrir hádegi í dag (föstudag). Á það féllust skólarnir, þó með þeim fyrirvara að á engan hátt gæti verið um að ræða endanlegar athugasemdir af þeirra hálfu, enda teldu skólarnir enn að þeim væri nauðsynlegt að fá afhent öll gögn sem matsnefndin hefði haft undir höndum, þar á meðal tilboðsgögn TR/FÍH, til að geta gert athugasemdir við niðurstöðu hennar. Fram kom á fundinum að ráðuneytið hefði þessa kröfu um afhendingu gagna enn til athugunar. Samkvæmt þessu setja TK/TSDK fram eftirfarandi athugasemdir í trausti þess að þær verði ekki metnar sem endanleg andmæli af hálfu skólanna, sbr. m.a. bréf ráðuneytisins, dags. 25. júlí sl.

Rétt þykir að halda til haga atburðarás þessa máls í meginatriðum:

1. Ráðuneytið auglýsir eftir rekstraraðila að listframhaldsskóla á sviði tónlistar. Ríkiskaup sjá um framkvæmd útboðs.
2. Tvö tilboð, annars vegar Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónlistarskóli FÍH (TR/FÍH) og hins vegar Tónlistarskóli Kópavogs og Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar (TK/TSDK).
3. Tilboð TK/TSDK mjög metnaðarfullt (570 bls. með fskj.).
4. Matsnefnd á vegum ráðuneytis metur tilboð TR/FÍH eilítið betra en tilboð TK/TSDK, þ.e. með 207 stigum af 275 mögulegum en tilboð TK/TSDK með 202 stigum.
5. Matsnefnd var skipuð tveimur starfsmönnum ráðuneytis, einum starfsmanni undirstofnunar ráðuneytis og tveimur tónlistarmönnum.
6. Enginn rökstuðningur fylgdi niðurstöðu matsnefndar, þrátt fyrir að fram komi í verkefnislýsingu/útboðslýsingu að niðurstaðan skyldi rökstudd. Boðið var upp á rökstuðning af hálfu Ríkiskaupa þegar tilkynnt var um niðurstöðuna 14. júlí sl., en þegar á reyndi barst enginn rökstuðningur.

7. Allt frá því að niðurstaða matsnefndar lá fyrir hafa TK/TSDK leitast við að fá afhentan rökstuðning fyrir niðurstöðu hennar og að fá afhent þau gögn sem nefndin byggði á, þar á meðal tilboð TR/FÍH, svo og að fá upplýsingar um afstöðu einstakra nefndarmanna.
8. Um fordæmi hafa TK/TSDK vísað til úrskurðar úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. 579/2015 (Kaffitár/Isavia) og úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur frá 14. júní 2016 í máli nr. A-732/2015 (Kaffitár ehf. gegn Isavia ohf.) þar sem reyndi á gildi úrskurðar úrskurðarnefndarinnar. Niðurstaða þess máls var að Kaffitár ætti rétt á tilboði annarra þátttakenda í viðkomandi útboði á grundvelli 14. gr. upplýsingalaga.
9. Ráðuneytið hefur ekki afhent öll umbeðin gögn. Ekki hefur verið afhentur annar rökstuðningur matsnefndar en umfjöllun nefndarinnar í fyrrnefndu skjali „Tillaga matsnefndar ...“.

TK/TSDK draga þá ályktun af framangreindri atburðarás og umræðum á fundi sl. miðvikudag að ekki liggi fyrir frekari rökstuðningur matsnefndar en umfjöllun í fyrrgreindu skjali nefndarinnar. Sá rökstuðningur getur á engan hátt talist fullnægjandi, svo sem nánar verður vikið að hér síðar. Af þessu leiðir að skólunum er nauðsynlegt að fá umbeðin gögn öll í hendur. Þessu til stuðnings er nærtækast að vísa til forsendna í fyrrnefndum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 14. júní 2016. Þar segir:

„Hvað sóknaraðila [Kaffitár ehf.] varðar verður að telja ljóst að eina leið hans til að glöggva sig á því hvað réði ákvörðun varnaraðila [Isavia ohf.] um að taka ekki tilboði hans, heldur ganga til samninga við aðra aðila, er að hann fái aðgang að þeim gögnum sem þeir lögðu fram með umsókn sinni í því skyni að kanna réttarstöðu sína. Nægir honum ekki að fá upplýsingar um nöfn þátttakenda og lista yfir einkunnir þeirra. Hann hefur því lögvarða hagsmuni af því að fá þau gögn sem kveðið var á um í úrskurði nefndarinnar. Verður hér einnig að hafa í huga að svo virðist sem varnaraðili hafi við ákvarðanatöku sína ekki byggt á samanteknum gögnum um samanburð og forsendur fyrir flokkun hvers þátttakenda fyrir sig og rökstuðningi fyrir einkunn hvers og eins.“

Víkur þá að þeim gögnum, sem þó liggja fyrir, einkum umræddu skjali „Tillaga matsnefndar ...“. Eins og fyrr segir getur þetta skjal ekki talist fela í sér viðhlítandi rökstuðningur fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Er þar einkum til þess að líta að þar er ekki að finna samanburð á þeim tveimur tilboðum (tillögum) sem fyrir nefndinni lágu, nema lauslega um fjárhagsþátt tilboðanna, og ályktanir um kosti/galla tilboðanna eru mjög í skötulíki. Rökstuðningurinn er því ekki í samræmi við ákvæði 75. gr. laga um opinber innkaup, sbr. til hliðsjónar 22. gr. stjórnsýslulaga.

Samkvæmt framsetningu í útboðsgögnum má skipta tilboðum í þrjá hluta; faglegan þátt (matsliðir 1–7), fjárhagslegan þátt (matsliður 8) og framkvæmdalegan þátt (matsliðir 9–11). Að svo stöddu eru engar forsendur til að fjalla um síðastnefndan þátt, enda er ekki að honum vikið hálfu orði í fyrrgreindu skjali matsnefndar.

Um faglegan þátt tilboðanna.

Um þennan þátt tilboðanna kemur það eitt fram í rökstuðningi matsnefndar að „*hugmyndir Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH gera ráð fyrir mun meiri sérhæfingu í tónlistarnámi*

á framhaldsstigi, sem er í beinu samræmi við markmið auglýsts ferlis um val á aðila um rekstur á viðurkenndum einkareknum listframhaldsskóla á sviði tónlistar“. Jafnframt gerir matsnefnd svofellda athugasemd: „Þó ber að hafa í huga að meiri sveigjanleiki í vali á bóknámsgreinum á stúdentsbraut væri til bóta.“ Verður að skilja svo að þessi athugasemd eigi einungis við um tilboð TR/FÍH.

Þessi umfjöllun matsnefndar og einkunnagjöf, sem ætla verður að byggja á umfjölluninni, vekur fleiri spurningar en hún svarar. Að svo stöddu – og án þess að hafa gögn málsins undir höndum – er einungis hægt að setja fram svofelldar athugasemdir og spurningar:

1. Í tillögu matsnefndar er sem fyrr segir tiltekið að í tillögu TR/FÍH sé gert ráð fyrir mun meiri sérhæfingu í tónlistarnámi á framhaldsstigi heldur en í tillögu TK/TSDK. Í engu er þó vikið að því í hverju sú sérhæfing felist. Án athugunar viðeigandi gagna, þ.e. umræddrar tillögu og gagna með henni, geta TK/TSDK því ekki tjáð sig um réttmæti þessarar staðhæfingar matsnefndar.
2. Benda má á að í tillögu TK/TSDK er gert ráð fyrir fimm námsbrautum í listframhaldsskóla, m.a. sérstakri námsbraut vegna raftónlistar og rafrænnar miðlunar. Nemendur á þeirri braut eiga kost á tónlistarnámi á þessu sérstaka sviði. Má segja að þar sé um sérhæft nám að ræða. Ekkert kemur fram í tillögu matsnefndar um það hvaða þýðingu það hafði um einkunnagjöf til handa TK/TSDK að þessi námsbraut var lögð til. Var námsbrautin léttvæg fundin?
3. Skilja má röksemdina um „meiri sérhæfingu“ í tillögu TR/FÍH þannig að um ræði nám sem sé utan þess ramma sem skilgreindur er í aðalnámskrá tónlistarskóla varðandi framhaldsnám og sé því á háskólastigi. Sé þessi raunin – sem ekki verður fullyrt um án athugunar málgagna – mótmæla TK/TSDK því að hugmyndir um slíkt nám geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um rekstraraðila listframhaldsskóla. Fyrir þessu eru nokkur rök:
 - a. Í útboðsgögnum var óskað eftir tillögum um rekstur skóla á framhaldsskólastigi. Ekki fær staðist að ákvörðun verði byggð á öðrum forsendum en þeim sem fram koma í útboðslýsingu.
 - b. TK/TSDK telja almennt afar hæpið að framhaldsskóla sé ætlað að kenna á háskólastigi og raunar að nokkrum skóla sé ætlað að kenna á háskólastigi hafi hann ekki hlotið viðurkenningu sem slíkur. Hljóta að vakna spurningar um gildi slíks náms með tilliti til eininga til háskólagráðu.
 - c. Þegar er boðið upp á háskólanám í tónlist hér á landi, þ.e. í Listaháskóla Íslands. Ekki er kunnugt um hljómgrunn meðal tónlistarfólks um að dreifa þeim kröftum.
 - d. Í gildi er aðalnámskrá tónlistarskóla þar sem gert er ráð fyrir að nám á framhaldsstigi eigi að vera fullnægjandi grundvöllur undir háskólanám í tónlist. Framsetning á námi á framhaldsstigi í tillögu TK/TSDK er í einu og öllu í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla um framhaldsnám. TK/TSDK staðhæfa að engin vandamál hafi komið upp hjá nemendum frá þessum skólum varðandi aðgang að háskólanámi. Væri fróðlegt ef matsnefnd hefur haft upplýsingar um annað.
4. Á vef Prófaneftndar tónlistarskóla (profaneftnd.is) er að finna upplýsingar um aldur próftaka, m.a. á framhaldsprófum skólaárin 2013-2014 og 2014-2015. Upplýsingar um aldursdreifingu þeirra eru hér dregnar saman í eftirfarandi töflu:

Framhaldspróf í klassískri tónlist

Skólaár	Meðalaldur	Miðgildi	Fjöldi próftaka undir 20 ára
2013-2014	25,5	21	8
2014-2015	27,6	25	2

Framhaldspróf í rytmískri tónlist

Skólaár	Meðalaldur	Miðgildi	Fjöldi próftaka undir 20 ára
2013-2014	28,6	26	1
2014-2015	25,8	25	1

Ætla má að sérstakur listframhaldsskóli á sviði tónlistar stuðli að því að aukinn fjöldi nemenda ljúki framhaldsprófi í tónlist á hefðbundnum framhaldsskólaaldri (undir 20 ára). Er út frá því gengið í tillögu TK/TSDK. Hins vegar verður að draga verulega í efa að þeir verði mikið fleiri en gert er ráð fyrir í þeirri tillögu. Ekki er kunnugt um neina rannsókn sem gæti legið til grundvallar annarri forsendu. Koma slíkar upplýsingar fram í tillögu TR/FÍH?

- Ljóst er að sumir nemendur á framhaldsskólaaldri eru það bráðgerir að þeir ljúka framhaldsprófi á hljóðfæri sitt áður en þeir ljúka stúdentsprófi, og þar með framhaldsskólahluta tónlistarnámsins. Þessi hópur, sem ekki er fjölmennur, sbr. lið 4 að framan, hefur vissulega þörf fyrir að komast sem fyrst upp á næsta skólastig í tónlistarmenntun sinni. Í tillögu TK/TSDK er brugðist við þörfum þessara nemenda með hugmynd um samstarf við Listaháskóla Íslands. Tillagan gerir ráð fyrir að nemendurnir myndu stunda tónlistarnám á diplómabraut LHÍ, samhliða bóklegu framhaldsskólanámi. Þessum nemendum gæfist því kostur að kynnast háskólaumhverfi og afla sér háskólaeininga (ECTS) í tónlist. Í tillögum TK/TSDK er að finna viljayfirlýsingu frá LHÍ um samstarf í þessum efnum. Ekki kemur fram í fyrirbyggjandi gögnum hvort TR/FÍH gerir tillögu um hliðstætt samstarf við háskóla, enda er ekkert fjallað um þessa hugmynd í umsögn matsnefndar. Sú spurning vaknar hvort samstarf við viðurkenndan háskóla sé ekki talið til þess fallið að nemendur komist fyrir en ella inn á næsta skólastig?
- Rétt er að halda því til haga að tillaga TK/TSDK um samstarf við LHÍ nær einnig til annarra nemenda en þeirra bráðgerustu. Gert er ráð fyrir því að öllum nemendum listframhaldsskólans myndi standa til boða að sækja námskeið, masterklassa og víska fyrirlestra í LHÍ, sbr. viljayfirlýsingu þess skóla. Þá er einnig gert ráð fyrir samstarfi um kammertónlist og hljómsveitarstarf. Þessi nána tenging nemenda við eina skólann sem býður upp á listnám á háskólastigi á Íslandi hlýtur að vera til þess fallin að undirbúa þá sjálfa undir nám á háskólastigi. Engin rök koma fram í umsögn matsnefndar sem mæla gegn þessu.
- Var talið jákvætt eða neikvætt að hugmynd TK/TSDK var um samvinnu við fjóra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu en ekki aðeins einn? Eða lögðu TR/FÍH e.t.v. til hliðstætt samstarf í sinni tillögu?
- Með hvaða hætti var tekið tillit til hugmynda TK/TSDK um fjölgun samstarfsaðila og tónlistarnám víðar en á höfuðborgarsvæðinu?
- TK/TSDK fá aðeins 21 stig af 25 mögulegum í sjöunda matsþætti, sem varðar skilmála aðalnámskrár framhaldsskóla. Útskýringu vantar á því hvaða atriði í tillögum skólanna hafi ekki þótt falla að ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla. Sérstaka athygli vekur að TR/FÍH fá jafnmörg stig í þessum matsþætti þrátt fyrir þá athugasemd matsnefndar að „*meiri sveigjanleiki í vali á bóknámsgreinum á stúdentsbraut væri til bóta*“. Að sönnu er ekki alveg

Ijóst hvað hér er verið að fara, en álykta verður að athugasemdin sé neikvæð. Af hverju slær þessi neikvæða umsögn sér ekki niður í einkunnagjöfinni?

Um fjárhagsþátt tilboðanna.

Umfjöllun matsnefndar um fjárhagsþátt tilboðanna er ítarlegri en um faglegan þáttinn, þótt ekki verði talið að öll kurl séu hér komin til grafar. Ekki verður komist hjá því að vekja athygli ráðuneytisins á því að fjárhagsþáttur vegur aðeins einn hluta á móti sjö hlutum faglegra liða í niðurstöðu matsnefndar. Má þó ætla að verulegu skipti fyrir ríkissjóð sem verkkaupa í þessu tilviki hvernig tilboðsgjafar hyggjast standa að rekstri sínum.

Samkvæmt því sem greinir í skjalinu „Tillaga matsnefndar ...“ um rekstraráætlanir tilboðsgjafanna er ljóst að TR/FÍH reikna með með að fá greitt þegar á fyrsta rekstrarári allt væntanlegt árlegt ríkisframlag að fjárhæð 385 milljónir króna (m.kr.) sem tiltekið er í útboðslýsingu miðað við að listframhaldsskóli verði „kominn í fulla starfsemi“. Jafnframt kemur fram að gengið sé út frá 30 nemendum á tónlistarstúdentsbraut (þ.e. nemendur sem stefni að stúdentsprófi frá listframhaldsskólanum) og 170 nemendum sem stundi, auk tónlistarnáms í listframhaldsskólanum, nám í öðrum framhaldsskólum og fengju tónlistarnám sitt metið sem hluta stúdentsprófs í viðkomandi framhaldsskóla. Þessi skipting nemendahópsins tekur síðan breytingum á síðari rekstrarárum, eftir því sem fram kemur, þannig að hlutfall nemenda á tónlistarstúdentsbraut eykst en hlutfall nemenda úr öðrum framhaldsskólum lækkar að sama skapi (miðað við forsendur tilgreindar í útboðslýsingu um að framlag til listframhaldsskólans verði vegna náms 200 nemenda). Að þessu virtu verður ekki betur séð en að tilboð TR/FÍH byggja á því að ríkissjóður reiði fram sömu fjárhæð fyrir hvern nemanda í báðum tilvikum, þ.e. fyrir nemendur á tónlistarstúdentsbraut og nemendur úr öðrum skólum.

Tilboð TK/TSDK miðast hins vegar við að framlag úr ríkissjóði sé mismunandi eftir því hvort í hlut eiga nemendur á tónlistarstúdentsbraut eða nemendur í öðrum framhaldsskólum sem jafnframt stundi tónlistarnám. Er hér haft í huga það, sem augljóst má telja, að kostnaður listframhaldsskólans vegna síðarnefnds hóps nemenda er lægri en hins fyrrnefnda. Munar þar kostnaði við hinn almenna bóklega hluta stúdentsnámsins.

Þessar mismunandi forsendur tilboðsgjafanna leiða til þess að í stað þess, sem TR/FÍH reiknar með í sinni tillögu, þ.e. ríkisframlagi að fjárhæð 385 m.kr. á fyrsta ári, yrði framlagið einungis 227,4 m.kr. samkvæmt forsendum TK/TSDK, þegar gengið er út frá sama nemendafjölda/skiptingu og TR/FÍH miða við.

Athygli vekur að samkvæmt rekstraráætlun TR/FÍH áætla skólarnir 68,6 m.kr. hagnað af rekstri listframhaldsskólans þegar á fyrsta starfsári. Það samsvarar um 18% af ríkisframlagi þess árs! Hafa TR/FÍH þá reiknað með útgjöldum að fjárhæð 84 m.kr. vegna annars kostnaðar heldur en kennslukostnaðar. Hliðstæður gjaldaliður nemur 13,5 m.kr. í tilboði TK/TSDK. (Innan sviga skal þess getið að í tilboðsgögnum TK/TSDK er umræddur gjaldaliður rökstuddur með tilvísun til rekstrarreikninga skólanna á síðasta rekstrarári. Án þess að fá upplýsingar um forsendur rekstraráætlunar TR/FÍH verður að setja spurningamerki við þennan háa gjaldalið í tilboði þeirra skóla.)

Fleiri atriði stinga í augu við athugun á þeirri lauslegu reifun á fjárhagshlið tilboðanna sem er að finna í tillögu matsnefndar. Hér skal sérstaklega nefnt að í tilboði TR/FÍH er kostnaður vegna bóknáms á fyrsta rekstrarári mjög lágur, þ.e. 10,5 m.kr. vegna 30 nemenda eða 350.000 kr. á nemanda. Til samanburðar skal bent á að TK/TSDK áætla 16,9 m.kr. vegna 20 nemenda eða 845.000 kr. á nemanda. Engar skýringar er að finna á þessum mikla mun í umfjöllun matsnefndar. Umrædd fjárhæð í tilboði TK/TSDK er ítarlega rökstudd í tilboðsgögnum. Án aðgangs að rekstraráætlun TR/FÍH og forsendum hennar er ekki hægt annað en að varpa fram hugleiðingum og spurningum í þessu sambandi:

1. Liggur þessi mismunur í því að TR/FÍH reikna með mun færri feiningum í almennu bóknámi en gert er í tilboði TK/TSDK? Eða er kostnaður vegna hverrar feiningar í almenna bóknáminu vanmetinn í tilboði TR/FÍH? (Því verður ekki trúað – nema sýnt sé fram á annað – að TK/TSDK hafi verulega ofmetið kostnað pr. feiningu.) Um þetta verður ekki sagt, m.a. vegna þess að í umfjöllun matsnefndar kemur ekkert fram um fjölda feininga í almennu bóknámi sem með er reiknað.
2. Sé gengið út frá metnum kostnaði TK/TSDK við hverja kennda feiningu er í tilboði TR/FÍH miðað við 55 feingar á þremur árum (18 feingar á ári). Það er einungis 10 feiningum yfir lágmarkskröfum um kjarnagreinar (ensku, íslensku og stærðfræði) samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla (bls. 53). Enn fremur er tilgreint í aðalnámskrá framhaldsskóla (bls. 54) að „allir nemendur 18 ára og yngri stundi íþróttir – líkams- og heilsurækt“ sem ætla má að yrðu metnar til feinga. Jafnframt er tilgreint í aðalnámskrá framhaldsskóla að framhaldsskólar skulu „skipuleggja námsbrautir þannig að nemendum gefist kostur á að taka íþróttáfangi á hverri önn“ (bls. 54). Hér yrði því að öllum líkindum að gera ráð fyrir a.m.k. 6 feiningum í íþróttum miðað við þriggja ára nám til stúdentsprófs. Sé hér rétt til getið um umfang almenns bóknáms samkvæmt tillögu TR/FÍH má spyrja hvort slíkur undirbúningur verðandi tónlistarmanns undir háskólanám, líf og starf sé ekki á tæpasta vaði, sérstaklega þegar litið er til lögbundins hlutverks framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska nemenda og umfjöllun um grunnþætti og lykilhæfni í framhaldsskólanámi, sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla?
3. Sú spurning kemur einnig fram í hugann hvort líklegt sé að eftirspurn sé eftir svo sérhæfðu stúdentsprófi sem hér virðist stefnt að? Hefur ráðuneytið kannað það? Til samanburðar skal nefnt að MH reiknar með 120 fein. í sinni tónlistarbraut (og 95 fein. í tónlist). Í tillögu TK/TSDK er gert ráð fyrir 132 fein. í almennu bóknámi og 82–83 fein. í tónlistarluta.
4. Rétt er að áréttta lið 9 í athugasemdum hér að framan varðandi faglegan hluta, þar sem vikið er að athugasemd matsnefndar um skort á sveigjanleika í vali á bóknámsbrautum á stúdentsbraut. Þessi athugasemd, svo óskýr sem hún er, styður það sem hér hefur verið dregið fram um lítinn þátt almenns bóknáms í tillögu TR/FÍH.

Matsnefnd telur greinilega annmarka á tilboði TR/FÍH hvað varðar rekstraráætlun, sbr. matslið 8, miðað við tilboð TK/TSDK, enda gefur nefndin fyrrnefnda tilboðinu umtalsvert lægri einkunn en hinu síðarnefnda um þennan lið. Athygli vekur að þetta er eini matsliðurinn þar sem nefndarmaður (raunar aðeins einn) hefur talið ástæðu til að gefa neikvæða einkunn (einkunnina „Ósammála“). Aðrir nefndarmenn gefa tillögu TR/FÍH hlutlausu einkunn. Sú einkunnagjöf verður að teljast mjög ósannfærandi í ljósi þess sem hér hefur verið rakið um fjárhagslegan þátt tilboðanna. Að mati

TK/TSDK væri hrein falleinkunn nær lagi. Halda verður því til haga að frekari athugasemdir geta komið til þegar aðgangur verður veittur að rekstraráætlun TR/FÍH og forsendum hennar.

Loks verður ekki hjá því komist að benda á að í umfjöllun matsnefndar um rekstrarhæfi tilboðsgjafanna eru aðeins raktar upplýsingar úr ársreikningum þeirra, en ekki verður séð að matsnefndin taki afstöðu til rekstrarhæfisins. Í ljósi upplýsinga sem hér um ræðir hlýtur þó að verða að taka afstöðu til þess hvort báðir tilboðsgjafarnir uppfylli skilyrði b-liðar 3. gr. reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010.

Í þessari umfjöllun matsnefndar um rekstrarhæfi er nefnt – eins og til skýringar – að sökum hás hlutfalls nemenda á framhaldsstigi í TR/FÍH megi ætla að ágreiningur við Reykjavíkurborg um fjármögnun náms á framhaldsstigi „skýri að hluta“ laka rekstrarstöðu þeirra. Hér er augljóslega um ályktun matsnefndar að ræða. Er vandséð hvaða tilefni er til ályktunarinnar. Er heimild fyrir þessari ályktun matsnefndar?

Draga verður þá niðurstöðu af öllu framanrituðu að fjárhagslega sé tilboð TK/TSDK miklu hagstæðara fyrir ríkissjóð en tilboð TR/FÍH. Er ótrúlegt ef ekki verður litið til þessa atriðis við endanlega ákvörðun ráðherra, sérstaklega ef í ljós skyldi koma við athugun á gögnum varðandi faglega þætti að ekki muni jafn miklu á tilboðsgjöfunum um þau atriði og ráða má af einkunnagjöf matsnefndar.

Lokaorð.


Hér að framan er um sumt byggt á getgátum, sem skýrist af því að umbeðin gögn hafa ekki enn fengist lögð fram. Skylt og ljúft er að biðjast velvirðingar á því ef um eitthvað er byggt á röngum forsendum. Áréttað er að þessi umsögn er eingöngu lögð fram að beiðni ráðuneytisins sem viðbrögð vegna þeirra gagna sem afhent voru sl. miðvikudag.

Hér með er enn ítrekuð krafa um að fá öll umbeðin gögn málsins afhent, sbr. 14. gr. upplýsingalaga. Er hér aðallega átt við tilboð (tillögu) TR/FÍH, en einnig önnur gögn sem matsnefndin hafði til hliðsjónar við starf sitt. Vafalaust er að þessi gögn liggja fyrir rafrænt hjá ráðuneytinu, enda var það skilyrði af hálfu Ríkiskaupa að tilboð yrðu send rafrænt, og er farið fram á að þau verði afhent rafrænt. Tekið skal fram að það er mat TK/TSDK að engin umbeðin gögn geti talist falla undir 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga. Helst gæti það átt við um gögn um fjárhagsstöðu TR/FÍH, en þá er þess að gæta að þær upplýsingar liggja nú þegar fyrir í skjalinu „Tillaga matsnefndar ...“. **Fyrir en umbeðin gögn berast geta TK/TSDK ekki tjáð sig á fullnægjandi hátt um niðurstöðu matsnefndar.**

Virðingarfyllst,



Árni Harðarson,
skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs



Júlíana Rún Indriðadóttir,
skólastjóri Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar